

6. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 29. janúar 2010 kl.13:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Bygðastofnunar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Verkefni í vinnslu - verkþókhald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim verkefnum sem starfsmenn eru að vinna að þessar vikurnar og lagði fram samantekið yfirlit úr verkþókhaldi síðastliðins árs. Kom m.a. fram að unnið er að ákveðnum skipulagsbreytingum á starfsemi Markþings og þeirri útgáfu- og kynningarstarfsemi sem verið hefur á vegum AP. Markmiðin eru að annars vegar að Markþing leggi áherslu á staðbundna starfsemi á Húsavíkursvæðinu, líkt og Mývatnsstofa. Þá eru einnig í mótun áþekkar staðbundnar starfseiningar í Þingeyjarsveit annars vegar og austan Jökulsár. Hins vegar er áformað að sú útgáfu- og kynningarstarfsemi sem snýr að öllu svæðinu - „Norðausturland“ / North East Iceland – Edge of the Arctic – og verið hefur á vegum AP, verði fyrsta kastið rekin sem verkefni / klasi í samstarfi þessara staðbundnu eininga og sveitarfélaganna á svæðinu með það að markmiði að stofnað verði sérstakt félag um þá starfsemi í framtíðinni.

2. Rekstraráætlun 2010

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu tekjuáætlunar ársins og breytingum frá því að áætlunin var afgreidd í desember. Megin frávikkið er það að ekkert framlag fékkst frá fjárlaganefnd sem gerir það að verkum að draga þarf starfsemina enn frekar saman frá því sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun ársins. Gerði framkvæmdastjóri grein fyrir ákveðinni nálgun sem felur í sér að semja um skert starfshlutfall við ákveðna starfsmenn í stað uppsagna til þess að mæta þessum samdrætti. Samþykkt að fara þá leið náist um það samkomulag við viðkomandi starfsmenn.

3. Ráðstöfun eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs

Farið yfir stöðu mála og samþykkt að auglýsa til sölu þau hlutabréf sem voru í eigu fyrrum Kísilgúrsjóðs og hafa verið í eigu hans í þrjú ár eða lengur. Jafnframt verði stjórnnum viðkomandi félaga gerð grein fyrir málinu vegna forkaupsréttarákvæða sem í gildi kunna að vera.

Samþykkt að ráðstafa ekki að sinni eftirstöðvum peningalegra eigna.

4. Málefni vaxtarsamnings

- Lögð fram gögn frá iðnaðarráðuneytinu varðandi endurnýjaða vaxtarsamninga og þær breytingar sem ráðuneytið hefur farið fram á varðandi gildandi samninga, þ.m.t. verklagsreglur og reglur um fjárhagsuppgjör. Staðfest svohljóðandi bókun frá símafundi 21. janúar sl.

„Stjórn AP átelur það að iðnaðarráðuneytið skuli tilkynna símleidis um einhliða skerðingu á greiðslum til gildandi vaxtarsamninga á landsbyggðinni. Svo virðist sem megin ástæða skerðingarinnar sé að skapa svigrúm til gerðar nýrra samninga, þar sem

m.a. er verið að bæta við einu helsta þenslusvæði landsins á undanförunum árum. Í ljósi þess að tilkynnt er um skerðinguna undir þeim formerkjum að verði ekki á hana fallist sé allt eins líklegt að samningum verði sagt upp, sér stjórnin sér ekki annan kost færan en að hlíta flötum 5 mkr. niðurskurði á ríkisframlagi ársins.

Jafnframt telur stjórnin tímabært að þegar verði hafin vinna við heildarendurskoðun á fjármögnun og skipulagi stoðkerfis atvinnu- og byggðamála sem atvinnuþróunarfélagin eru hluti af.“

- b) Þrátt fyrir þessa bókun sem gerð var undir þrýstingi ráðuneytisins um hugsanlega uppsögn samninga, yrði ekki fallist á einhliða skerðingu, samþykkir stjórnin að iðnaðarráðherra verði ritað bréf þar sem skorað verði á ráðherra að koma í veg fyrir þá valdbeitingu sem í skerðingunni felst og tryggja það að ríkið standi við gerða samninga. Framkvæmdastjóra falið að rita drög að slíku bréfi til yfirferðar hjá stjórnarmönnum.
- c) Birna óskaði eftir því að á næsta fundi verði lagt fram yfirlit um stöðu þeirra verkefna sem hlotið hafa stuðning úr vaxtarsamningi.
- d) Samþykkt að auglýsa eftir verkefnum sem vaxtarsamningurinn geti tekið þátt í. Framkvæmdastjóra falið að gera drög að auglýsingu og senda á stjórnarmenn.

5. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi bókaútgáfu sem tengist Snow Magic verkefninu og verið hefur til umfjöllunar á tveimur síðustu stjórnarfundum. Unnið hefur verið að úrlausn málsins með fyrrverandi starfsmanni sem ábyrgð ber á gerningnum, án þess þó að niðurstaða liggi fyrir. Samþykkt að leiti atbeina fleiri aðila sem málinu tengjast um mögulega lausn þess. Stjórnin ítrekar fyrri afstöðu sína varðandi alla ábyrgð fyrrverandi starfsmanns á hinum umboðslausa gerningi sem félaginu hvorki beri að taka né geti tekið ábyrgð á.
- b) Lögð fram tvö bréf frá stjórn Baðfélags Mývatnssveitar ehf. varðandi viðskipti með hlutabréf í félaginu. Annars vegar er um að ræða sölu á bréfum í eigu Byggðastofnunar til félagsins Tvídranga ehf., að nafnvirði kr. 29.166.667,- á genginu 1,6. Stjórnin samþykkir að félagið nýti forkaupsrétt sinn í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Hins vegar er um að ræða sölu á bréfum í eigu Tvídranga ehf. til Stefáns Guðmundssonar/Smámuna ehf. að nafnvirði kr. 6.500.000,- á ætluðu gengi 1,6. Stjórnin samþykkir að félagið falli frá kauprétti sínum.
Pétur Snæbjörnsson gerði grein fyrir erindunum en vék af fundi við afgreiðslu þeirra.
- c) Stefnt að næsta stjórnarfundum um mánaðarmótin febrúar-mars. Nánari tímasetning ákveðin síðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30